***BORGARRÁÐ 5. september 2019: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um innheimtuþjónustu fyrir tímabilið 2018 - 2022 - R19080154***

Til hversu marga innheimtukrafna hefur verið stofnað á tímabilinu 1. janúar 2018 til dagsins í dag? Þ.e.a.s. hvað hafa margar innheimtukröfur verið sendar út frá 1. janúar 2018 til dagsins í dag, frá Gjaldheimtunni ehf. annarsvegar og Momentum ehf. hinsvegar vegna skuldar borgarbúa við Reykjavíkurborg? Hversu mörg innheimtubréf hafa verið send út í milliinnheimtu og undir hvaða einingarverð féllu þau (einingaverðið er mismunandi eftir upphæð kröfunnar)? Hversu mörg símtöl hafa verið hringd vegna innheimtu og lendir allur sá kostnaður á þeim sem standa í skuld við borgina? (kostnaður við símtal er 273 krónur). Hversu margar skuldir hafa farið í löginnheimtu? Lendir sá kostnaður allur á skuldaranum? Í upplýsingum um þessu mál kemur m.a. fram að kostnaður við að senda út löginnheimtubréf sé 3.968 krónur með vsk. og greiðsluáskorun fyrir upphæð lægri en 3.000 krónur kosti 4.340 krónur m. vsk. Hvað hafa mörg löginnheimtubréf verið send út vegna skuldar borgarbúa við Reykjavíkurborg? Hver hefur kostnaður borgarbúa verið vegna framhaldskostnað í löginnheimtu?